

Komiði sæl.

Undirritaðir sátu fundi með fulltrúum stjórnar og starfsfólki LH þar sem að dómarafélögunum var kynnt sú vinna sem að hafði verið unnin vegna jöfnunarsjóðs og það fyrirkomulag sem að LH hafði ákveðið að yrði með greiðslur til dómara.

Í samtalinu hafa alltaf verið efasemdir af hálfu dómarafélaganna hvort að það sé hlutverk LH að innheimta laun dómara með þeim hætti sem að átti að gera það þ.e.a.s. að koma inn sem þriðji aðili að innheimtu, á það hefur verið bent í samtalinu við litlar undirtektir af hálfu LH.

Leitað var til óháðs aðila til þess að skoða þetta fyrirkomulag og hafa stjórnarmeðlimir LH fengið það sent ásamt ákvörðun stjórnar GDLH.

Okkar athugasemdir snérust um það að LH er hvergi fjárhagslegur ábyrgðaraðili að mótum né eiginlegur mótshaldari það eru félögin í landinu og ráðningarsamband dómara er við þau ekki LH.

LH hefur ekki heimild til þess að ganga inn í ráðningarsamband verkkaupa (hestamannafélaga) og þess sem vinnur verkið (dómara).

Hvergi er að finna samþykkt félaganna að þessu fyrirkomulagi og ekki eftir því leitað sérstaklega af hálfu LH áður en tilkynning birtist á miðlum eða til félaga og einnig ætlaði LH að kynna þetta og væntanlega að fá umræður á Landsþingi sl. haust en ekki var gert.

Þessi ákvörðun að leita álits var tekin með það fyrir augum að gæta hagsmuna félagsmanna og taka allan vafa af hvað væri rétt og GDLH hefði alltaf unað þeirri niðurstöðu sem að fengist hefði á hvorn veginn sem að hún hefði verið.

Mkv.

Jón Þorberg formaður GDLH

Ágúst Hafsteinsson gjaldkeri GDLH